



Umsjón: Magdalena Schram

Líf og list

Leiklistarhátíð í bígerð

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga var haldinn í Reykjavík á laugardaginn var. Þrír nýir meðstjórnendur voru kjörnir í stjórn, þau Rúnar Lund (Dalvík), Sigríður Karlsdóttir (Selfossi og Magnús Guðmundsson (Neskaupstað). Aðrir í stjórn BIL eru Einar Njálsson formaður (Húsavík) og Signý Pálsdóttir (Stykkishólmi).

Bandalagið á 30 ára afmæli um þessar mundir og var í því tilefni haldin ráðstefna sunnudaginn 18. maí í Þjóðleikhúskjallaranum. Ingvar Gíslason menntamálaráðherra flutti ávarp, Evar Kvaran leikari flutti ræðu um sögu bandalagsins og formaðurinn, Einar Njálsson um stöðu þess í dag. Á ræðuhöldum loknum

skiptustu gestir ráðstefnunnar í starfshópa. Var margt tekið til umræðu, þ.á.m. menntunarmál leikara. Þá var einnig rætt um Leiklistarhátíð, en mikill hugur er á að halda slíka hátíð á vegum Bandalagsins, sem ekki hefur verið gert áður.

Á sögn Einars Njálssonar, er hugmyndin um Leiklistarhátíð enn á frumstigi, enda er margt sem þarf að athuga áður en á stað er farið. Rætt hefur verið um, að hátíðina mætti halda annað hvert ár, að áhugafélögin færðu upp leikrit sín og að samfara leiksýningunum yrðu umræður um gæði þeirra, uppsetningu og vinnubrögð. Líka kemur til tals að dómnefnd starfi í tengslum við

hátíðina, sem myndi þá leggja listrænt mat á leiksýningarnar. Ekki er hugmyndin enn komin á þann rekspól, að staður eða stund hafi verið ákveðin, en hvað stað varðar þarf að sjálfsgöngu að taka tillit til áhorfendafjölda, húsnæðismála og fjárhagslegu hlíðarinnar yfirleitt, sagði Einar. Samstarf við atvinnuleikhúsin kemur sterklega til greina og raunar hefur t.d. Leikfélag Reykjavíkur sýnt starfsemi áhugaleikhúsanna stuðning með því að bjóða þeim aðstöðu á Leikviku landsbyggðarinnar.

„Það er víst“ sagði Einar Njálsson að lokum, „að Leiklistarhátíðin myndi geta orðið til að örva og hvetja leikfélögin um landið allt“.



Höggmynd eftir Gerði Helgadóttur, Selloleikarinn, 1950.

Tvær konur að Kjarvalsstöðum

Tvær merkar listakonur verða kynntar á Kjarvalsstöðum á Listahátíð, þær Kristín Jónsdóttir listmálari og Gerður Helgadóttir, myndhöggvara, en yfirlitsýning á verkum þeirra beggja opnar þar 1. júní. Á sögn Þóru Kristjánsdóttur, listráðunauts Kjarvalsstaða, er ekki að búast við að fleira verði á döfinni þar á bæ á Listahátíð, þar eð sýningarnar

eru það víðamiklar, t.d. munu glerverk Gerðar verða á göngum hússins, svo þær megi njóta sín sem best í birtunni þar. Þetta verður fyrsta yfirlitsýningin á verkum beggja listakvennanna og má e.t.v. segja að kominn sé tími til — hvað um það, víst verður fallett um að litast að Kjarvalsstöðum í júní.



Söngfélagið Gígjan, Akureyri

Ný hljómplata

Hljómplata með söngfélaginu Gígjan á Akureyri. Á plötunni eru bæði erlend og innlend lög, þ.á.m. Visur Vatnsenda Rósu, Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns, Vögguvísa Páls Ísólssonar, Þey þey og ró ró eftir Björgvin Guðmundsson.

Einsöngvarar á plötunni eru Gunnfríður Hreiðarsdóttir, alt og

Helga Alfreðsdóttir, sópran. Undirleik annast Guðrún Kristinsdóttir en söngstjóri er Guðrún Kristinsdóttir.

Söngfélagið Gígjan er kvennakór, sem var stofnaður á Akureyri 1967 af fimm tjuu konum. Aðalhvatamaðurinn að stofnun kórsins var Sig. Demenz og raddþjálfaði hann söngkonurnar fyrstu árin.

VÖXTUR ÁN VISTKREPPU

Vöxtur án Vistkreppu (Growth without Ecodisaster) er heiti bókar um umhverfismál, sem nýlega var gefin út af The Macmillan Press Ltd. (London).

Í bókinni eru 20 erindi, sem flutt voru á ráðstefnu í Reykjavík í júní 1977 að frumkvæði hins kunna náttúrufræðings Nicholas Polunins, en hann sér einnig um útgáfu bókarinnar. Ráðstefnu þessa sátu um 150 manns, þar af um þriðjungurinn Íslendingar. Tveir þeirra eiga erindi í bókinni,

þeir Sturla Friðriksson náttúrufræðingur og Gunnar G. Schram prófessor. Í bókinni eru einnig umræður ráðstefnunnar en þar tóku ýmsir Íslendingar til máls.

Á ráðstefnunni var fjallað um áhrif mannsins á lífverurnar og umhverfi þeirra og var reynt að sýna fram á hvert stefnir í umhverfismálum, hvaða örðugleikar hljóttast af aukinni fólksfjölgun og auknum afnotum mannsins af auðlindum jarðarinnar.

„Hamingjustundir kafbátanna“

Sæulfinum sigað — Hamingjustundir kafbátanna — Sjóhernaður Bandaríkjamanna —... þetta eru nöfn á nokkrum kafbátum í nýutkominni bók um sifari heimstyrjöldina í bókaflokki Time—Life/Almenna bókafélagsins. Þetta er fimmta bókin í bókaflokknum Heimstyrjöldin 1939-1945 og ber hún heitið Orrustan á Atlantshafi.

Fjöl margar myndir eru í bók-

inni og fjallar einn myndakaflinn um umsvif Bandaríkjamanna hér á landi.

Höfundurinn Barrie Pitt, starfaði í breska sjóhernum í styrjöldinni, en þýðandi bókarinnar er Jón O. Edwald. Ritstjóri bókaflokkans er Órnólfur Thorlacius. Bókinni fylgir heimildaskrá og ytarlegur listi yfir bækur sama efnis.



Hannibal Valdimarsson tekur við gjöfinni, frá v. Sigríður, Magnea og Guðbjört Ólafsdætur.

Nýjar myndir á Listasafn alþýðu

Listasafni alþýðu hafa borist tvö málverk að gjöf frá börnunum Ólafs Magnússonar í Fálkanum. Er annað eftir Einar Jónsson (1863—1922) frá Fossi í Mýrdal og hitt eftir Gísla Jónsson frá Búrfellskoti í Grímsnesi, en þeir eru að því leyti tengdir, að Gísli naut

tilsagnar hjá Einari. Og gjöfin hittir skemmtilega í mark einmitt nú, þegar verið er að sýna myndir Gísla í Búrfellskoti í Listasafninu. Málverkin eru úr dánarbúi Ólafs Magnússonar og konu hans, Þrúðar G. Jónsdóttur. Mynd Einars er af Kirkjubæjar

klaustri með Órafajökul í baksýn og mynd Gísla frá Þingvöllum.

Aðurnefnd sýning á mynum Gísla frá Búrfellskoti í Listasafni alþýðu er opin til sunnudagsins 25. maí, virka daga frá kl. 14—18. og sunnudaga kl. 14—22.